



REGLUGERÐ UM DÓMARANEFND GSI OG GOLFDÓMARA

1. kafli Dómaranefnd

1. gr. Skipun nefndarinnar:

Dómaranefnd GSI skal skipuð 3 mönnum og 3 til vara og skulu þeir kosnir til 2ja ára í senn af golfþingi. Skulu a.m.k. tveir aðalmanna hafa alþjóðleg dómararéttindi frá the Royal & Ancient Golf Club of St. Andrews og aðrir nefndarmenn og varamenn skulu hafa landsdómararéttindi hið minnsta. Skal nefndin skipta með sér störfum og skal formaður hennar hafa alþjóðleg dómararéttindi frá The R&A.

2. gr. Hlutverk:

Hlutverk nefndarinnar er:

1. að vera æðsti innlendi aðili um túlkun golfreglna
2. að hafa umsjón með málefnum golfdómara í landinu
3. að vera sérfræðilegur ráðunautur stjórnar GSI í öllum málum er varða golfdómara og golfreglur og sjá um erlend samskipti á sviði golfreglna og dómaramála, skv. beiðni hennar hverju sinni
4. að annast sérhvert það verkefni varðandi golfreglur og dómara, sem stjórn GSI kann að fela henni
5. að hafa umsjón með menntun golfdómara, bæði frummenntun og endurmenntun
6. að funda reglulega með golfdómurum þar sem farið er m.a. í gegnum nýjungar í golfreglum, nýja úrskurði varðandi golfreglur og vafaatriði sem upp hafa komið,
7. að setja reglur og viðhalda þeim um störf dómara,
8. að miðla fræðslu til hins almenna kylfings um golfreglur í samráði við golfklúbba innan GSI
9. að vera aðildarklúbbum GSI innan handar við aðstoð á merkingum golfvalla, gerð staðarreglna, undirbúning fyrir mótahald eða hvað eina annað sem golfklúbbarnir leita eftir og nefndin getur veitt aðstoð með
10. að sjá um niðurröðun á dómurum á mót á vegum GSI í samráði við stjórn GSI. Aðildarklúbbar GSI eru ábyrgir fyrir dómgæslu á mótum á vegum þeirra sjálfra.

3. gr. Skipun dómara á mót:

Dómaranefnd skal senda tillögur til stjórnar GSI að niðurröðun dómara á mót á vegum sambandsins eigi síðar en 2 mánuðum áður en fyrsta mót hvers leikárs hefst. Nefndin skal leitast við að dómari í hverju móti skuli vera félagsmaður í þeim golfklúbba sem mótið heldur. Skal umsjónarklúbbum hvers móts fyrir sig send niðurröðun dómaranefndar og stjórnar GSI þegar hún liggur fyrir.

Geti viðkomandi dómari ekki af einhverjum sökum verið við dómgæslu sem hann hefur verið skipaður til skal hann tilkynna það til dómaranefndar GSI sem þá skipar nýjan dómara að höfðu samráði við stjórn GSI og viðkomandi umsjónarklúbb.



4. gr. Kostnaður við dómgæslu:

Stjórn GSÍ gefur árlega út gjaldskrá vegna dómgæslu í golfmótum og skal farið eftir henni þegar dómurum eru greidd laun eða annar kostnaður vegna dómgæslu.

GSÍ skal leitast við að sjá lands- og/ eða alþjóðadómurum á GSÍ mótum fyrir nauðsynlegum áhöldum til dómgæslu svo sem:

- a. Golfreglubókum
- b. Decisions on the Rules of Golf
- c. Aðrar útgáfur the R&A er varða golfreglur og mótahald, sem dómarar gætu þurft á að halda.
- d. Tæki til fjarlægðarmælinga
- e. Hlífðarföt sem einkenna viðkomandi sem dómara til nota við störf hans.

2. kafli Dómarar

5. gr. Flokkun dómara:

Golfdómarar skipast í þrjú flokka eftir menntun og reynslu:

- a) Héraðsdómarar
- b) Landsdómarar
- c) Dómarar með alþjóðleg réttindi

6. gr. Héraðsdómarar:

Til þess að fá réttindi sem héraðsdómari þarf viðkomandi að vera meðlimur í golfklúbbi innan GSÍ og hafa náð 18 ára aldri og hafa sótt sérstakt námskeið fyrir héraðsdómara á vegum dómaranefndar GSÍ og staðist þar próf. Námskeið fyrir héraðsdómara skal halda a.m.k. einu sinni á ári.

Héraðsdómari hefur rétt til að dæma í innanfélagsmótum í golfklúbbi sínum, opnum mótum á vegum hans og mótum á vegum GSÍ nema annað sé tekið fram í reglugerðum GSÍ. Héraðsdómari hefur einnig rétt til að starfa sem aðstoðarmaður landsdómara eða alþjóðadómara.

Héraðsdómararéttindi eru veitt til enda gildistíma viðkomandi golfreglna, eða að hámarki til fjögurra ára. Til þess að endurnýja héraðsdómararéttindin að þeim tíma liðnum skal viðkomandi sækja endurmenntunarnámskeið hjá dómaranefnd GSÍ og endurnýjast þá héraðsdómararéttindi hans til loka gildistíma þeirra golfreglna sem þá eru í gildi. Sé endurmenntunarnámskeið ekki sótt falla réttindin niður og þarf viðkomandi þá að sækja héraðsdómaranámskeið að nýju og standast þar próf.

7. gr. Landsdómarar:

Landsdómari getur hver sá héraðsdómari orðið sem hefur sótt sérstakt námskeið fyrir landsdómara á vegum dómaranefndar GSÍ og staðist þar próf. Til að mega sækja slíkt námskeið þarf héraðsdómari að hafa:

- a) haft héraðsdómararéttindin í a.m.k. þrjú ár, og



- b) starfað sem golfdómari á golfmótum sem hafa staðið yfir í samtals 10 daga á þriggja ára tímabili.

Landsdómari hefur réttindi til að dæma í öllum innlendum mótum á vegum golfklúbba og GSÍ nema annað sé tekið fram í reglugerðum GSÍ. Landsdómari getur einnig verið aðstoðarmaður á alþjóðlegum mótum sem haldin eru hér á landi.

Landsdómararéttindi eru veitt til enda gildistíma viðkomandi golfreglna, eða að hámarki til fjögurra ára. Til þess að halda landsdómararéttindum við þarf viðkomandi að dæma a.m.k. 5 daga á hverju ári. Starf landsdómara sem aðstoðarmaður alþjóðadómara, seta á fundum með dómaranefnd og þátttaka í kennslu golfreglna á vegum dómaranefndar GSÍ, hvort heldur um er að ræða fræðslu til almennra kylfinga eða héraðsdómaranámskeið, teljast jafngilda dómgæslu þegar til endurnýjunar á réttindum kemur. Dómaranefnd GSÍ skal meta hvort landsdómarar fái endurnýjuð réttindi sín.

8. gr. Dómarar með alþjóðleg réttindi (R&A referee):

Dómarar með alþjóðleg réttindi (R&A referee eða alþjóðadómarar) eru allir þeir landsdómarar sem lokið hafa dómaraþrófi frá R&A í samræmi við kröfur þeirra.

Dómaranefnd skal gera tillögu til stjórnar GSÍ um þá landsdómara sem teljast hafa nægjanlega kunnáttu og reynslu til að þreyta próf á vegum R&A og ákveður stjórn GSÍ hvort þá skuli senda utan til þess að þreyta prófið.

Alþjóðadómari hefur réttindi til að dæma í öllum innlendum mótum á vegum golfklúbba og GSÍ auk alþjóðlegra móta sem kunna að vera haldin hér á landi.

Til þess að halda alþjóðlegum dómararéttindunum við þarf viðkomandi að dæma a.m.k. 5 daga á hverju ári. Seta í dómaranefnd, seta á fundum dómaranefndar GSÍ með landsdómurum eða störf við kennslu á golfreglum, hvort heldur um er að ræða fræðslu til almennra kylfinga, héraðsdómaranámskeið eða landsdómaranámskeið getur komið í stað dómgæslu þegar metið er hvort alþjóðadómari uppfylli kröfur til að halda dómararéttindum sínum og skal dómaranefnd GSÍ meta það. Dómaranefnd GSÍ getur einnig ákveðið að aðrir hlutir teljist jafngildir og dómgæsla við mat á endurnýjun dómararéttinda, t.d. gerð kennsluefnis o.s.frv.

9. gr. Svipting dómararéttinda.

Mæti dómari ekki til dómara starfa á mót sem hann hefur verið skipaður til án þess að tilkynna dómaranefnd um forföll skal dómaranefnd leita skýringa viðkomandi dómara og getur síðan veitt honum formlega áminningu telji hún ástæðu til. Verði endurtekning á þessu af hálfu dómars án frambærilegra skýringa er dómaranefnd heimilt að svipta viðkomandi dómara réttindum sínum.

Sá sem sviptur hefur verið réttindum einu sinni getur fengið þau aftur eftir að hafa sótt námskeið og þreytt próf líkt og hann hefði ekki haft dómararéttindi áður. Verði viðkomandi sviptur dómararéttindum í annað sinn er það endanleg svipting og getur hann ekki fengið þau endurnýjuð aftur. Dómaranefnd er heimilt að svipta mann dómararéttindum, tímabundið eða til frambúðar, hafi hann hlotið áminningu eða verið úrskurðaður í leikbann af hálfu aganefndar GSÍ.

Samþykkt á stjórnarfundum GSÍ 23. maí 2013.